

Verkefni: Stjórnarfundur Gígjunnar
Dagsetning fundar: 28.09.2004
Tímasetning fundar: 20:30 – 22:30
Fundarstaður: Bræðraborgarstígur 13, 101 Reykjavík

Stjórnarmenn / Fundarmenn:

Sigurbjörg Aðalsteinsdóttir (SA)	Formaður	Mætt
Kristín Ingimundardóttir (KI)	Gjaldkeri	Mætt
Heiða Gunnarsdóttir (HG)	Ritari	Mætt
Ásdís Helga Bjarnadóttir (ÁHB)	Meðstjórnandi	Mætt
Ásdís Hjálmtýsdóttir (ÁH)	Meðstjórnandi	Mætt
Ásdís Björnsdóttir (ÁB)	Varamaður	Mætt

Fundarefni og niðurstöður fundar:

1. Lög Gígjunnar

SA fór yfir lög Gígjunnar og lagði línurnar að vetrarstarfi stjórnar þ.e. með hvaða hætti þarf stjórnin að starfa til þess að ná 2. og 3. grein laganna. Ýmsar hugmyndir ræddar. Ákveðið að skoða aftur lögin að vori þegar starf stjórnar hefur mótast betur.

2. Heimasíðan, www.gigjan.is

Heimasíða Gígjunar sem nú er á vefnum er komin í niðurníðslu. Ákveðið var að HG skoðaði núverandi heimasíðu samtakanna með tilliti til þess hvernig hún er smíðuð og hvað þarf að gera til þess að endurbæta hana. HG mun hafa samband við Brynjar hjá Netsamskiptum ehf til þess að fá sysadm aðgang að síðunni. Velt var upp þeim möguleika að færa vistun síðunnar yfir til Skýrr hf, HG mun skoða hvort það er ódýrara fyrir samtökin.

2. Samstarf við Úrval útsýn

Ákveðið að hafa samband við Jón Karl hjá ferðaskrifstofunni Úrval Útsýn til þess að bjóða honum að koma þeim aðildarkórum Gígjunnar á norræna kvennakóramótið í Svíþjóð sem þangað ætla. ÁH mun hafa samband við Jón Karl og óska eftir tilboði sem hægt er að senda á aðildarkóra Gígjunnar.

3. Fréttabréf

Rætt um fyrirkomulag fréttabréfa til aðildarkóra Gígjunnar. Ákveðið að stjórnin myndi senda fréttabréf a.m.k. tvisvar sinnum á ári með ýmsum upplýsingum. Málið rætt frekar og síðan tekið af dagskrá.

4. Norræna kvennakóramótið

Ekki hafa borist neinar upplýsingar vegna norræna kvennakóramótsins 2005. Hugmynd lögð fram þess efnis að Gígjan gæti séð um að miðla upplýsingum til sinna aðildarkóra. Sigrún Þorgeirsdóttir (Kvennakór Reykjavíkur) er íslenski tengiliðurinn. ÁH og SA munu hafa samband við hana til að leita fréttu.

5. Íslenska kvennakóramótið

Kvennakór Hafnafjarðar hefur hafið undirbúningsvinnu vegna kvennakóramóts í vor. KI er tengiliður Gígjunnar við mótsnefndina. Gígjan bíður fram aðstoð

sína ef á þarf að halda. Kí er beðin um að koma þeim upplýsingum áleiðis til mótsnefndar Kvennakórs Hafnafjarðar. Ákveðið að fara í það á vormánuðum að finna kór til þess að halda næsta kóramót. Þá væri hægt að tilkynna það á kóramótinu í Hafnarfirði. SA mun ganga í það mál.

6. Málþing fyrir kórstjóra

SA kom með þá hugmynd að boða alla kórstjóra og stjórnir á fund í byrjun næsta árs til þess að ræða markmið og tilgang Gígjunnar. Á fundinum væri hægt að fá ábendingar og hugmyndir frá stjórnendum og stjórnnum um starfsemi Gígjunnar, sem svo síðar væri hægt að vinna eftir. Fundarmenn ánægðir með hugmyndina og sammála að stefna að fundinum í upphafi næsta árs. SA mun vinna drög að dagskrá. Málið rætt frekar.

7. Tengiliður fyrir hvern kór

SA lagði fram þá hugmynd að aðildarkórnum yrði skipt niður á stjórnarmeðlimi Gígjunnar. Þá myndi hver stjórnarmeðlimur bera ábyrgð á samskiptum við ákveðna kóra. Til að byrja með yrði haft samband við kórana til að safna upplýsingum fyrir heimasíðuna, skiptingin er eftirfarandi:

Ásdís Hjálmtýsdóttir (Kvennakór Reykjavíkur);

- Kvennakór Reykjavíkur
- Kvennakórinn Ljósbrá
- Kvennakórinn Seljurnar

Ásdís Helgadóttir (Freyjukórinn Borgarfirði);

- Freyjukórinn Borgarfirði
- Kvennakór Akureyrar
- Kvennakórinn í Bolungarvík
- Kvennakórinn Norðurljós

Heiða Gunnarsdóttir (Gospelsystur Reykjavíkur);

- Gospelsystur Reykjavíkur
- Kyrjukórinn Þorlákshöfn
- Sanlóurnar

Kristín Ingimundardóttir (Kvennakór Hafnafjarðar);

- Kvennakór Hafnafjarðar
- Kvennakór Hornafjarðar
- Kvennakór Kópavogs
- Kvennakórinn Ymur

Sigurbjörg Aðalsteinsdóttir (Vox feminae);

- Jórukórinn, Selfossi
- Kvennakór Garðabæjar
- Kvennakór Suðurnesja
- Vox feminae